

Fréttatilkynning

Reykjavík, 14. nóvember 2002.

Sláturfélag Suðurlands Afkoma fyrstu níu mánaða ársins 2002

Rekstrartap Sláturfélags Suðurlands á tímabilinu janúar til september 2002 var 14,5 milljónir, en á sama tímabili árið áður var 103 milljón króna rekstrartap. Bætt afkoma stafar fyrst og fremst af lækkun fjármagnsgjalda vegna gengishækkunar krónunnar. Fjárhagsstaða Sláturfélagsins er traust með eigið fé rúmar 1.178 milljónir og 45% eiginfjárlutfall.

Rekstrartekjur Sláturfélags Suðurlands voru 2.667 milljónir á fyrstu níu mánuðum ársins 2002, en 2.353 milljónir á sama tíma árið áður og aukast um rúm 13%.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 2.546 milljónum á fyrstu þrem ársfjórðungum ársins 2002 samanborið við 2.238 milljónir árið áður og aukast um tæp 14%. Afskriftir rekstrarfjármuna voru 115 milljónir en 107 milljónir árið 2001. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 7 milljónir, en 8 milljónir króna árið áður.

Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld voru tæpar 16 milljónir, en á árinu á undan voru fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur 122 milljónir. Lækkun fjármagnsgjalda skýrist fyrst og fremst af 59 milljóna gengishagnaði en árið áður var gengistap 78 milljónir. Undir fjármagnsliðum er 13,5 milljón króna gjaldfærsla vegna niðurfærslu hlutabréfa í eigu félagsins en árið áður var hún 20 milljónir.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var neikvæð um 28 milljónir en jákvæð árið áður um 2 milljónir. Skattar voru tæpar 10 milljónir. Tap af rekstri tímabilsins var 14,5 milljónir en 103 milljónir árið áður.

Veltufé frá rekstri var 85 milljónir á fyrstu níu mánuðum ársins 2002, samanborið við 79 milljónir fyrir sama tímabil árið 2001.

Í lok september 2002 voru heildareignir Sláturfélags Suðurlands 2.625 milljónir og höfðu hækkað um 8 milljónir frá fyrra ári. Skammtímaskuldir voru 819 milljónir, langtímaskuldir 628 milljónir og eigið fé 1.178 milljónir. Eiginfjárlutfall var 45% í lok september 2002, en var 43% á sama tíma árið áður. Veltufjárlutfall var 0,9 í lok september 2002, en 2 árið áður. Lækkun veltufjárlutfalls milli ára skýrist af því að næsta árs afborganir langtímalána eru í lok september 453,3 milljónir króna en voru einungis 82,4 milljónir á sama tíma í fyrra. Um er að ræða lán með gjalddaga í desember og júní á næsta ári sem verða endurfjármögnuð.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 73 milljónir á fyrstu níu mánuðum ársins og fyrir 125 milljónir í félögum. Á fyrri hluta ársins 2002 keypti Sláturfélagið hlut í kjötvinnslufyrirtækinu Ferskum kjötvörum hf. Á tímabilinu var aukið við hlutabréfaeign félagsins í Guldfoss A/S í Danmörku og selt af hlutabréfaeign félagsins í Ísfugli ehf.

Sláturfélag Suðurlands svf.

Lykiltölur

Rekstur	2002	2001	2001	2000	1999	1998
Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs.	jan-sep	jan-sep				
Rekstrartekjur.....	2.667,4	2.352,6	3.468,2	3.097,5	2.878,6	2.770,8
Rekstrargjöld án afskrifta.....	2.545,5	2.237,6	3.251,6	2.794,3	2.609,2	2.519,4
Afskriftir.....	114,8	106,7	147,0	136,1	124,0	109,2
Rekstrarhagnaður (tap).....	7,1	8,3	69,6	167,1	145,4	142,2
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	15,8	(122,3)	(124,3)	(68,2)	(15,2)	(22,7)
Hagnaður (tap) af rekstri hlutdeildarféлага.....	(27,7)	2,3	1,9	1,4	3,8	(0,7)
Hagn. (tap) fyrir skatta.....	(4,8)	(111,7)	(52,8)	100,3	134,0	118,8
Tekju- og eignarskattur.....	(9,7)	8,4	(5,8)	(9,8)	(10,9)	(7,8)
Hagnaður (tap) tímabilsins.....	(14,5)	(103,3)	(58,6)	90,5	123,1	111,0
Veltufé frá rekstri	84,9	79,1	159,7	269,5	242,7	231,2

Efnahagur	30.9.2002	30.9.2001	2001	2000	1999	1998
Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs.						
Fastafjármunir.....	1.847,9	1.724,4	1.764,9	1.586,0	1.473,6	1.348,1
Veltufjármunir.....	776,9	892,0	1.159,8	935,0	773,4	670,4
Eignir samtals.....	2.624,8	2.616,4	2.924,7	2.521,0	2.247,0	2.018,5
Eigið fé.....	1.177,9	1.118,6	1.184,6	1.179,8	1.076,2	911,0
Þar af A og B-deild stofnsjóðs.....	411,3	417,0	419,3	410,6	407,3	412,3
Langtímaskuldir.....	627,5	1.044,5	845,5	867,7	764,3	699,8
Skammttímaskuldir.....	819,4	453,3	894,6	473,5	406,5	407,7
Skuldir samtals.....	1.446,9	1.497,8	1.740,1	1.341,2	1.170,8	1.107,5

Kennitölur

Hagn. (tap) sem hlutfall af rekstrartekjum.....	(0,5%)	(4,4%)	(1,7%)	2,9%	4,3%	4,0%
Veltufjárhlutfall.....	0,9	2,0	1,3	2,0	1,9	1,6
Eiginfjárhlutfall.....	45%	43%	41%	47%	48%	45%
Innra virði.....	2,9	2,7	2,8	2,9	2,6	2,2
Arðsemi eigin fjár.....	(2%)	(12%)	(5%)	8%	12%	13%

Í lok júlí var undirritað samkomulag milli Búnaðarbanka Íslands hf. og Sláturfélags Suðurlands um kaup Sláturfélagsins á 67% hlut í kjúklingaframleiðslufyrirtækinu Reykjagarði hf. Kaupin miðast við 31. ágúst, en þar sem uppgjóri Reykjagarðs þann 31. ágúst og áreiðanleikakönnun vegna þess er ekki lokið, þá er kaupverð hlutabréfanna ekki fært í árshlutauppgjóri Sláturfélagsins pr. 30. september 2002.

Árshlutauppgjórið er með könnunaráritun endurskoðenda sem og árið áður. Við gerð þess er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Reikningsskilin eru

verðleiðrétt. Ef reikningsskilin hefðu ekki verið verðleiðrétt hefði tap tímabilsins orðið 7,6 milljónum hærra og eigið fé 15,9 milljónum lægra.

Horfur fyrir árið 2002

Afkoma félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins 2002 var óviðunandi og einkenndist af mikilli verðsamkeppni og offramboði á kjöti á markaðnum sem hafði neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Fjárhagsstaða Sláturfélagsins er þó sterk, jafnframt því sem markaðshlutdeild félagsins er að vaxa á kjötmarkaðnum í kjölfar kaupa á kjötvinnslufyrirtækjum.

Afkoma Sláturfélagsins hefur jafnan verið þyngst framan af árinu en best á síðasta ársfjórðungi. Þetta stafar m.a. af afkomu afurðadeildar en umsvif hennar aukast við haustslátrun sauðfjár. Aðhaldi verður áfram beitt í rekstri félagsins, en gripið hefur verið til hagræðingaraðgerða til að draga úr útgjöldum auk þess sem fjárfestingar hafa verið dregnar saman. Gert er ráð fyrir að framangreindar aðgerðir og aðstæður á markaði muni leiða til bættrar afkomu Sláturfélagsins á síðasta ársfjórðungi.

Nánari upplýsingar veitir Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000

Reykjavík, 14. nóvember 2002
Sláturfélag Suðurlands svf.